

Utanríkismálastefna Íslendinga og ofurlítið um öryggi, kyn, helvítishlýnun og lýðræði: Annar hluti

Hallur Hallsson, segir (Fésbók 26. des. 2024: „Ísland á valista.“):

„Ný ríkisstjórn er komin til valda og fyrir henni fara feministar; Krístrún, Þorgerður og Inga. Fólk veltir fyrir sér hvort Ísland sé fyrsta feminíska ríki veraldar. Þær kenna sig við valkyrjur úr norrænni goðafræði. Valkyrjur voru í þjónustu Valhallar og réðu örlögum á vígaslóð.

Er þetta ekki svolítið kaldhæðið? Í þjónustu Valhallar. Þær fóru saman á klósett, skelltu í ommelettu og Frostrós mætti á Bessastaði í 144.000 króna kjól eins og hún væri að fara á árshátíð Kvíkubanka. Hún er að fara á ball. Þetta er allt svo skemmtilegt. Þær reisa hús á sandi, kjánar í eigin holdi, þjónandi sísoltnum ríkisdreka. Hvorki viska né djúphygli. Bergmálshellir 101 Alþingi.

Hallur, ómyrkur í máli, heldur áfram:

„Konur hafa látið feminista selja sér að frelsi felist í að þræla 9-5 og afhenda börn sín vandalausum í leik- og grunnskólum þar sem börn eru kynvædd, transvædd, klám er kennslufni. Karlar á salernum kvenna, nýfædd börn á brjósti karla á krabbameinslyfjum, karlar í íþróttum kvenna. Það sé frelsi að taka líf barns í móðurkviði. “Fökk íslensku feðraveldi” er kyrjað meðan flutt er inn feðraveldi múslima.

Atlaga stendur yfir að íslensku lýðveldi; íslenskri þjóð, menningu og íslenskri tungu; afa og amma úthýst úr íslensku. Guðlaus feminismi er kúgunartæki. Þjóðin er sem sauðir leiddir til slátrunar. Íslendingar á fáum áratugum hverfa af spjöldum sögunnar. Ísland undir forystu feminista er á valista.“

Eins og allir líka vita er sannleikurinn kvenlægur, konum í blóð borinn. Svo sögðu Rauðsokkurnar alla vega – sællar minningar. En það virðist misbrestur á. Í ástarvímunni sögðust valkyrjurnar ætla að fækka „ráðuneytum.“ En það virðist hafa verið mikil eftirspurn, því einungis var fækkað um eitt.

Hallur minnir á: „Fátækt fólk kaus Ingu vegna “...ófrávíkjanlegrar kröfu” um 450 þúsund króna skatt- og skerðingalaus lágmarkslaun. Í stjórnarsáttmála er ekki minnst á loforðið þótt Inga hafi sagt að hún eigi ekki erindi í ríkisstjórn nema loforðið verði uppfyllt. Strax á fyrsta degi var skjaldborg slegin um spillingu.“

Rauðsokkurnar héldu því líka fram, að konur væru konum bestar – báðum kynjum reyndar, því þær væru svo saklausar, blíðar, friðsamar, ráðdeildarsamar og skynsamar. En Hallur lítur öðruvísi á málið:

„Alma Möller í heilbrigðisráðuneytinu er hliðvörður lyfjarisanna; Big-Pharma covid- og fósturvísahneyksli liðinna ára. Verðlaunuð er þöggun Ölmu á neyðarópum 2.700 kvenna með aukaverkanir vegna mRNA. Alma viðheldur þöggun Kötu who-litlu og Dísu Reykás. Konur eru konum verstar.

Hanna K. Friðriksson viðskiptaráðherra boðaði hjónin Gunnar Árnason & Hlédísi Sveinsdóttur á sinn fund á skrifstofu sína í Alþingi sumarið 2022. Hún krafði hjónin svara um samkynhneigð þör með lífbörn þeirra hjóna! Hún verður krafín skýringa af fréttahaukum framtíðar.“

Eins og fram hefur komið dást Þorgerður Katrín og Þorsteinn Pálsson einlæglega að Þórdís Kolbrúnu. Það hefur nú komið í ljós, að snillingurinn sá hefur greinilega stundað Nató-pukur, tekið þátt í undirbúningi að árásum Sambandsins í austurveg. Og svo sleit hún stjórnmalasambandi við Rússa, því þeir eru svo ólýðræðislegir, orðljótir (hatursorðræða) og vondir.

Þorsteinn: „Forysta utanríkisráðherra um aukna varnarsamvinnu og uppbyggingu aðstöðu á Keflavíkurflugvelli var mikilvæg. Umræðan hefði þó mátt vera meiri, ekki síst um þau gildi, sem að baki búa.

Brýnt er að þessum samstarfsverkefnum verði markvisst fylgt eftir á nýju kjörtímabili. Reyndar þarf að útvíkka þau meðal annars vegna vaxandi ógna gegn innviðum og netöryggi.“

Hallur er á öndverðum meiði: „Feministar eru sammála um hervæðingu Íslands og milljarðatugi til Úkraínu. Herfylki er nú á Nato-Kef vopnað patriot-eldflaugum, B2 váfuglum, F-35 herþotum, herskipa- og kaþbátalægi í Helguvík. Ísland í stríði við Rússland, Nato-Kef er skotmark. Nú er verið að reisa sjö risaskemmur samtals 13.000m² „...flugvöll í boxi á Miðnesheiði“ til að byggja nýjan flugvöll eftir sprengjuregn á Keflavíkurflugvelli.

Enn eitt Nato-stríðið og þjóðin ekki spurð. Nato-Kef er raunverulegt skotmark. Sænski herinn og almannavarnir gera ráð fyrir 500.000 föllnum í styrjöld við Rússa. Hvað áætla þorgella að margir falli?“

En svo rekur Þorsteinn naglann á höfuðið: „Margir hafa tilhneigingu til þess að líta á alþjóðlega samvinnu í efnahagsmálum annars vegar og varnar- og öryggismálum hins vegar sem tvo aðskilda hluti. Raunveruleikinn er allt annar.

Þegar Bandaríkin höfðu frumkvæði að varnarsamvinnu Evrópu og Ameríku á sínum tíma beittu þau sér samhliða fyrir innbyrðis efnahagssamstarfi Evrópuríkja. Æ síðan hafa þetta verið tvær hliðar á sama peningi.“

Eftir aðra heimstýrjöldina skiptu Franklin Delano Roosevelt (1882-1945), Winston Leonard Spencer Churchill (1874-1965) og Josef Vissarionovich Stalin (1878-1953), veröldinni á milli sín.

Ísland lenti á áhrifasvæði Bandaríkjamanna, sem undu bráðan bug að því að herða tök sín á veröldinni, m.a. með stofnun Norður-Atlantshafsbandalagsins (Nató), stuðningi við sameiningu Evrópuríkja og tóku þátt í stofnun Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessar stofnanir eru grundvöllurinn að ítökum og yfirráðum Bandaríkjanna í veröldinni.

Það liggur í hlutarins eðli í þessu sambandi, að vinþjóðir ráðast ekki hver á aðra. Þegar stofnun Nató var undirbúin bjuggu Íslendingar við þá reynslu að hafa verið hernumín af Dönum, Bretum og Bandaríkjamönnum. Norðmenn stuðluðu að borgarastríði. Hins vegar höfðu þjóðir í austrinu aldrei stuggað við Íslendingum. Rússar eru frændþjóð frá fornu fari.

Það fylgir líka sögunni, að meðan á samningum um stofnun Sameinuðu þjóðanna og Nató stóð, voru unnar á vegum Breta áætlanir um innrás í Ráðstjórnarríkin (Rússland) og á vegum Bandaríkjamanna áætlanir um kjarnorkuvopnaárás á þau. Tugir borga voru miðaðir út.

Það má undarlegt teljast, að Íslendingar skuli hafa valið sér óvinþjóðir til bandalags gegn vá, sem Bandaríkjamenn útskýrðu fyrir Íslendingum, eigin landsmönnum og veröldinni allri, að héti „kommúnismi.“

Því gerðust Íslendingar aðilji að Nató 4. apríl 1949, fjórum árum, eftir lok annarrar heimstýrjaldarinnar. Því er ekki upp á landann logið; þangað leitar klárinn, sem hann er kvaldastur. Á þessum tímamótum var utanríkismálaráðherra, Bjarni Benediktsson, eldri (1908-1970).

„Hinn 30. mars 1949 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um aðild Íslands að NATO með 37 atkvæðum gegn 13. Allir þingmenn Sósíalístaflokksins greiddu atkvæði gegn tillögunni auk Gylfa Þ. Gíslasonar [1917-2004] og Hannibals

Valdimarssonar [1903-1991], þingmanna Alþýðuflokksins, og Páls Zóphoníassonar [1886-1964], þingmanns Framsóknarflokksins. Hermann Jónasson [1896-1976] og Skúli Guðmundsson [1900-1969], báðir úr Framsóknarflokki, sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.“ (Gustav Pétursson, alþjóðastjórn málafræðingur.)

Með inngöngu í Nató hurfu Íslendingar frá yfirlýstu hlutleysi frá árinu 1918, þegar þeir öðluðust fullveldi. Fullveldið var þar með skert.

Því er iðulega haldið á lofti, að Nató sé friðar- og varnabandalag frjálslyndra lýðræðisríkja við Norður-Atlantshaf. Austur-Evrópubúum þótti skepnan þó ekki friðvænleg og stofnuðu varnabandalag gegn varnabandalagi vestrænna ríkja, Varsjárbandalagið (Warsaw Pact), sex árum síðar eða 1955.

Í stofnsáttmála Nató má finna svipaðan fagurgala og í stofnskrá Þjóðabandalagins og Sameinuðu þjóðanna. Sá félagsskapur var stofnaður 1945 til „að viðhalda friði með því að efla alþjóðlegt samstarf og öryggi í heiminum.“

Íslendingar höfðu fengið aðild að Sameinuðu þjóðunum 1946 einmitt í þeim tilgangi. Hví skyldu þeir þá gerast aðilar að hernaðarbandalagi, Nató, fyrir þrýsting frá Bandaríkjunum? Í inngangsorðum stofnskrár þess segir:

„Aðilar samnings þessa lýsa yfir að nýju tryggð sinni við markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ósk sinni um að lifa í friði við allar þjóðir og allar ríkisstjórnir. ... Þeir [aðilar] hafa ákveðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og varðveislu friðar og öryggis.“

Eftirtaldar greinar eru sérstaklega áhugaverðar:

Fyrsta grein: „Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, að leysa hvers konar milliríkja deilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt, þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu, og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaskiptum á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna.“

Önnur grein: „Aðilar munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjavíðskipta, með því að styrkja frjálsar þjóðfélagsstofnanir sínar, með því að koma á auknum skilningi á meginreglum þeim, sem þær stofnanir eru reistar á, og með því að auka möguleika jafnvægis og velmegunar. Þeir munu gera sér far um að komast hjá árekstrum í efnahagslegum milliríkjavíðskiptum sínum og hvetja til efnahagssamvinnu sín á milli, hvort heldur er við einstaka samningsaðila eða alla.“

Fimmta grein: „Aðilar eru sammála um, að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla; fyrir því eru þeir sammála um, ef slík vopnuð árás verður gerð, að þá muni hver þeirra í samræmi við rétt þann til eigin varnar og sameiginlegrar, sem viðurkenndur er í 51. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, aðstoða aðila þann eða þá, sem á er ráðizt, með því að gera þegar í stað hver um sig og ásamt hinum aðilunum þær ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar, og er þar með talin beiting vopnvalds, til þess að koma aftur á og varðveita öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins.“

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/12/22/Thorgerdur-Katrin-Gunnarsdottir-tekin-vid-lyklavoldum-i-utanrikisraduneytinu/>